

## Gjaldskrá fyrir hafnir Dalabyggðar 2024

### I. KAFLI

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Gjaldskrá þessi gildir fyrir hafnir í Dalabyggð og er sett skv. heimild í 17. gr. laga nr. 61/2003.

### II. KAFLI

#### 2. gr.

##### *Hafnargjöld.*

Við ákvörðun hafnargjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sbr. Skipalög nr. 66/2021 og ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

#### 3. gr.

##### *Heimild til gjaldtöku.*

Af öllum skipum skal greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

#### 4. gr.

##### *Lestargjöld.*

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 17,00 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin eru varðskip og skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, einnig skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

#### 5. gr.

##### *Bryggjugjöld.*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða 9,00 kr. á mælieiningu fyrir skip að 20.000 brt en 10,00 kr. fyrir skip stærri en 20.000 brt hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum sem mánaðargjald, kr. 140,00 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 15.500 á mánuði. Bátar minni en 20 brt. greiði þó aldrei lægra en kr. 9.950 á mánuði. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Gjald fyrir báta er nýta hafnalegu skemur en 10 daga í mánuði reiknast sem hér segir. Fyrir 1-3 daga 25% af mánaðargjaldi, 4-6 daga 50% og 7-10 daga 75%. Fyrir lengri tíma en 10 daga reiknast fullt mánaðargjald.

Skip og bátar, sem ekki eru í rekstri né leggja upp afla hjá höfnum Dalabyggðar, skulu greiða fullt bryggjugjald fyrir hvern legudag og njóta ekki afsláttarkjara í formi mánaðargjalda. Skip og bátar ekki í rekstri teljast þau skip eða bátar sem legið hafa lengur en tvo mánuði í höfn og hafa ekki greitt önnur gjöld til hafnanna næstu þrjá mánuði á undan.

#### 6. gr.

##### *Vörugjöld.*

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendirar eða erlendirar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar

í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald. Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

#### 7. gr.

##### *Álagning vörugjalda.*

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farneigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

#### 8. gr.

##### *Flokkun vörugjalda.*

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

1. fl.: Gjald kr. 450,- fyrir hvert tonn:  
Bensín, brennsluolía, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 775,- fyrir hvert tonn:  
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 840,- fyrir hvert tonn:
  - a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolía, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
  - b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
  - c) Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.
4. fl.: Gjald kr. 1750,- fyrir hvert tonn:  
Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

9. gr.

*Aflagjald.*

Aflagjald 1,79% skal reikna af heildarverðmæti sjávaraflla, þ.e. sjávardýra annarra en spendýra, þ.m.t. skrápdyra, liðdýra og lindýra, sem og matvæla sem eru unnin að öllu leyti eða að hluta úr sjávaraflla. Aflagjald skal greiða af sjávaraflla sem lagður er á land eða í skip innan hafnasvæða til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd afurða. Gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði ef söluuppgjör berst ekki til hafnarinnar. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra upplýsingar um keyptan afla og afurðir mánaðarlega, t.d. afrit af sölunótum eða þeim gögnum sem skylt er að skila til opinberra aðila.

Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 450,00.

10. gr.

*Farþegagjald.*

Farþegagjald skal tekið við komu og við brottför farþega sem fara um hafnir Dalabyggðar og er kr. 150 á hvern fullorðinn farþega og hálf gjald fyrir hvert barn, aðra en farþega ferja og flóabáta sem njóta styrks samkvæmt vegalögum.

11. gr.

*Geymslugjald.*

Leiga fyrir gáma og aðra hluti á geymslusvæði skal vera eftirfarandi:

- a) Geymsla fyrir 20 feta gám kr. 3.235 á mánuði.
- b) Geymsla fyrir 40 feta gám kr. 4.290 á mánuði.
- c) Geymsla á ómalbikuðu svæði við hafnir fyrir veiðarfæri, tæki/vagna og aðra muni kr. 149 á fermetra á mánuði

12. gr.

*Úrgangsgjöld.*

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerð nr. 1200/2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Skip sem óskar eftir að tekið verði á móti úrgangi í höfnum Dalabyggðar skal tilkynna um það að lágmarki 48 klst fyrir komu til hafnar.

Öll skip sem falla undir c-lið 11. gr. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu greiða eftirfarandi vegna úrgangs; (Undanþegin gjaldtöku skv. 1. mgr. eru fiskiskip, skemmtibátar sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, herskip, hjálparskip í flota, skip sem þjónusta fiskeldi, skip í ríkiseign og skip í ríkisrekstri sem nýtt eru í þágu hins opinbera.)

Úrgangsgjald: Við komu skips til hafnar skal skip greiða kr. 0,99 á brt. Gjald þetta skal standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku og förgunar á úrgangi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 7.500 og hámarksgjald kr. 63.000. Lágmarksgjald er ávallt greitt þó engum úrgangi sé skilað á land.

Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

Gjald fyrir sorpeyðingu annarra skipa og báta reiknast miðað við brúttótonnatölu og er eftirfarandi:

Frístundabátar	kr. 530 á mánuði
Bátar að 20 brt.	kr. 2.185 á mánuði
Bátar 21-30 brt.	kr. 3.210 á mánuði
Bátar yfir 30 brt.	kr. 6.520 á mánuði
Móttaka á sorpi, ein ferð á flokkunarstöð	kr. 14.250

13. gr.

*Vatnssala.*

Vatnsgjöld: Vatn afgreitt frá bryggju.

Vatn afgreitt til skipa 31-60 brt.	kr. 7.070 í hvert skipti
Vatn afgreitt til skipa yfir 60 brt.	kr. 10.880 í hvert skipti

Vatnsgjald fyrir báta undir 30 brt. er innifalið í lestar- og bryggjugjöldum.

14. gr.

*Rafmagnssala.*

Rafmagnssala til skipa og báta er skv. taxa raf- og dreifiveitna hverju sinni með 15% álagi.

15. gr.

*Kranagjald.*

Kranagjald skal greitt skv. eftirfarandi:

- Frístundabátar og fley: 232,00 kr. hver hífing.
- Kranagjald smábáta: 462,00 kr. fyrir hvert byrjað tonn.
- Kranagjald grásleppubáta: 3.855 kr. pr. mán.

16. gr.

*Vigtargjald.*

Almenn vigtun	kr. 200 á hvert byrjað tonn
Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun	kr. 900
Vigtun í yfirvinnu	kr. 6.500 hver byrjuð klst.

Ef nauðsynlegt reynist að ræsa út mann til vigtunar eftir kl. 19:00 og til 08:00 næsta dag, svo og laugardaga, sunnudaga og aðra helgardaga, er innheimt fyrir 4 tíma í yfirvinnu. Gjaldið deilist á milli báta, séu fleiri en einn að landa á svipuðum tíma.

17. gr.

*Hafnarverndargjald.*

Gjald vegna hafnarverndar er eftirfarandi:

- Öryggisgjald fyrir skip sem falla undir skilgreiningu hafnarverndar kr. 64.500 á komu.
- Öryggisgæsla:
  - Dagvinna pr. klst. kr. 7.155 per klst.
  - Yfirvinna pr. klst. kr. 11.575 per klst.

III. KAFLI

18. gr.

*Innheimta hafnargjalda.*

Skrifstofa Dalabyggðar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu sveitarfélagsins. Á öll gjöld í gjaldskrá þessari leggst 24% virðisaukaskattur sbr. lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, að undanskildu farþegagjaldi sbr. 10. grein og þjónustu við erlend skip. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

19. gr.

*Greiðsla hafnargjalda.*

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

20. gr.

*Greiðsla vörugjalda.*

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

IV. KAFLI

21. gr.

*Aðför, lögveð og trygging.*

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr hafnalaga nr. 61/2003.

22. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi fyrir hafnir Dalabyggðar er samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 7. desember 2023, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og öðlast gildi þann 1. janúar 2024. Jafnframt falla úr gildi allar fyrri gjaldskrár fyrir hafnir Dalabyggðar.

---

Björn Bjarki Þorsteinsson  
sveitarstjóri